



Borgarráð

Reykjavík, 2. júní 2025

MSS25060002

Erindisbréf starfshóps um stefnu Reykjavíkurborgar um húsnæðismál sjálfstætt starfandi skóla

Hjálagt erindisbréf starfshóps um stefnu Reykjavíkurborgar um húsnæðismál sjálfstætt starfandi skóla er lagt fram til kynningar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um stefnu Reykjavíkurborgar um húsnæðismál sjálfstætt starfandi skóla.



Reykjavík



Reykjavík, [dags.] júní 2025

MSS25060002

ERINDISBRÉF

Starfshópur um stefnu Reykjavíkurborgar um húsnæðismál sjálfstætt starfandi skóla

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Rekstrarstuðningur Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla hefur verið með ýmsum hætti í gegnum tíðina en þeir búa við aðstöðumun þegar kemur að húsnæði. Gæði húsnæðis, stærð, gjald fyrir afnot og beinn fjárhagslegur stuðningur við rekstraraðila frá þriðja aðila er mismunandi og því veruleg hætta á mismunun milli einstaka skóla. Því er mikilvægt að Reykjavíkurborg marki sér stefnu um hvert hlutverk borgarinnar er og hver aðkoma borgarinnar eigi að vera þegar kemur að húsnæðiskostnaði sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kortlagning á aðkomu borgarinnar að húsnæðiskostnaði sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í gegnum tíðina.
- Mótun stefnu og gerð reglugerðar um aðkomu Reykjavíkurborgar um húsnæðismál sjálfstætt starfandi leik- og skóla.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Frans Páll Sigurðsson, skóla- og frístundasviði (formaður)

Anna Karen Arnarsdóttir, fjármála- og áhættustýringarsviði

Ásdís Olga Sigurðardóttir, eignaskrifstofu

Theodór Kjartansson, borgarlögmanni.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Bryndís Eva Sverrisdóttir, skóla- og frístundasviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef þörf er talin á og eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok október 2025.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri



Reykjavík